

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Vatnamælingar

B3 Skilagrein 96
Vatnsföll án vhm V

Hvassá hjá Fornahvammi.

Reykjavík, 11. nóv. 1954
S.Rist/gs

Hvassá hjá Fornahvammi.

Vatnasvið Hvassár er 29 km^2 hjá Fornahvammi. Þar er hæðin 160 m yfir sjó.

Í 300 m hæð y.s. er vatnasvið Hvassár 21 km^2 .

Hvassá er dragá, sem hleypur í foráttu og verður svo kornlítill þess á milli. Æin liggur á því svæði, sem hefur tvö lágreinsnlistímabil, síðla sumars og um miðjan vetur, en vatnavextir eru mestir á vorin, apríl-máí.

Hinn 9. ágúst s.l. var rennsli Hvassár skv. Rm 557 $0,43 \text{ m}^3/\text{s}$, þ.e. $15 \text{ l/s pr } \text{km}^2$. Þá voru ár litlar í Borgarfirði, þótt þær yrðu enn vatnsminni síðustu dagana í seðember. Ef Hvassá er borin saman við aðrar dragár á Mið-Vesturlandi, er ljóst að rennsli hennar hefur verið sem næst $0,25 \text{ m}^3/\text{s}$ í septemberlok, þ.e.a.s. $8,6 \text{ l/s pr } \text{km}^2$. Rennslið mun örsjaldan fara niður fyrir þetta mark sumar og haust.

Að vetrinum til fer rennslið niður í $0,15 \text{ m}^3/\text{s}$ í langvarandi frostum. Þó mun rennslið þverra með öllu í fyrstu snjóum, er eigi ólíklegt að slikt ástand geti varab allt að $1\frac{1}{2}$ sýclarhring. Venjulegast er rennsli árinnar á bilinu $0,5-1,5 \text{ m}^3/\text{sek.}$

Hvassá er í djúpu gljúfri. Norðvestur af Fornahvammi, með öðrum orðum bak við ásinn er 15 m hárr foss í ánni. Ef til virkjunar kemur í Hvassá virðist það ekki orka tvímalis að taka hana þar upp. Stífla á fossbrúninni yrði 23 m löng. Hagt er að hafa stöðvarhús norðvestan ár neðan við foss. Sprengja yrði töluvert fyrir húsinu, ekki metti hafa það niður undir venjulegu vatnsborði, sökum þess að stórfloða hætta er mikil. Ekki mun veita af þriggja metra hæð og metti því nýta það fall með sogröri.

Uppi á fossbrúninni og til hliðar við fossinn komi 25 m lárétt þrýstivatnspípa, en svo nær löbrétt pípa niður í húsið. Hæð stiflu er sennilega hæfilega áætluð 2 m. Fall þá alls 17 m. Heimtaug hefur ekki verið meld, er sennilega nálægt 400 m.

Eftirlit með rafstöð niður í gljúfrinu og þá norðan ár mun verða nokkrum vandkvæðum bundið. Hagkvæmast, hvað rekstri viðvíkur, er að hafa stöðina neðan við brekkuna heimundir Fornahvammi, en það virðist síður en svo árennilegt að nái þrýstivatnspípuni upp úr gilinu. Það þarf að fara með hana fyrir heitarsporðinn austan ár. Næst fossinum yrði að sprengja rás eða stall fyrir pípuna á töluvert löngum kafla en þá taka við brattar melskriður. Tel rétt að verkfræðingar, sem eiga oft leið um í Fornahvammi, lifti á þessa aðsæðu áður en melt er.

Reykjavík, 11. nóv. 1954

Sigurj. Þrist